

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Vaglaskógar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 11. apríl 2019 breytingu á deiliskipulagi Vaglaskógar.

Breytingin felst í því að felld er út lóð og byggingarreitur fyrir þjónustubyggingu og í stað þeirrar byggingar er gert ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir eldskála ásamt lóð og byggingarreit fyrir salernisbyggingu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 18. júní 2019.

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2019